

**84. fundur Atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar haldinn í ráðhúsinu þriðjudaginn
29 apríl 2015 kl. 18:00.**

Mætt voru: Þorgrímur Kristinsson formaður, Ólafur Örn Ásmundsson, Svanborg Siggeirsdóttir, Berglind Þorbergsdóttir, Guðbjörg Egilsdóttir, Baldur Þorleifsson, Sturla Böðvarsson bæjarstjóri,

Þorgrímur Kristinsson formaður setti fundinn.

1. Sigríður Finsen, fulltrúi Atvinnuráðgjafar SSV kom inn á fundinn og kynnti starfssemi SSV-þróun-og ráðgjöf. Kynnti hún meðal annars í íbúakönnun og fyrirtækjakönnun sem unnar voru á Vesturlandi. Fór yfir þróun atvinnuleysis í byggðum á Snæfellsnesi og mikilvægi góðs þjónustustigs til að laða að fólk.
2. Umræður um horfur í sjávarútvegi, í ferðaþjónustu, í iðnaði, í verslun og viðskiptum og í opinberri þjónustu. Umræða um fiskmarkaðinn, bæjarstjóri greindi frá fundum sem haldir voru með forsvarsmönnum Fiskmarkaðs Íslands. Skortur virðist vera á vinnuafli í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og iðnaði. Samdráttur í opinberri þjónustu, t.d. á sjúkrahúsi. Samdráttur hefur orðið á samgöngustofu en þar voru upphaflega fjögur stöðugildi, eru nú tvö. Bæjarstjóri greindi frá því að staðfesting hefði borist úr innanríkisráðuneyti um að starfsstöð samgöngustofu í Stykkishólmi verði ekki lokað.
3. Bæjarstjóri gerir grein fyrir stöðu undirbúnings þörungaverkefnis á vegum Deltagen Iceland.
4. Hugmyndir ræddar um samstarf bæjaryfirvalda og atvinnulífs innan sérstaks Nýsköpunarráðs Stykkishólms. Nefndin lýsir yfir áhuga á að áfram verði unnið að undirbúningi.
5. Önnur mál
Bókun Atvinnumálanefnd, hvetur stjórnendur fiskmarkaðarins til að halda starfsemi markaðarins áfram í Stykkishólmi.
Fundi slitið kl. 19:45
Þorgrímur Kristinsson (sign)
Svanborg Siggeirsdóttir (sign)
Berglind Lilja Þorbergsdóttir (sign)

Baldur Þorleifsson (sign)

Guðbjörg Egilsdóttir (sign)

Ólafur Örn Ásmundsson (sign)

Sturla Böðvarsson (sign)